



## Bréfa- og málasafn 1969

---

Bjarni Benediktsson – Stjórnsmál – Forsætisráðherra – Bréf – Agnar Kl. Jónsson – Bjarni B. Jónsson –  
Björgvin Guðmundsson – Bragi Jósepsson – Gunnar G. Schram – H. Sveinsson – Hersteinn Blum –  
Júlíus S. Ólafsson – Matthías Johannesson og Indriði G. Þorsteinsson – Níels P. Sigurðsson – Minister  
Philip M. – Tómas Helgason – Valdimar Björnsson – Valdimar Kristinsson – nancy og kristinn Snæland  
– Landsfundur Sjálfstæðisfloksins 1969 – Lagafrumvörp

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnsmálamaðurinn  
Askja 2-36, Örk 8

# EFNAHAGSSTOFNUNIN

LAUGAVEGUR 13 · REYKJAVÍK · N

SÍMI 20520

9/12-69

Til: dr. Bjarna Benediktssonar, forsætisráðherra

Fra: Bjarna B. Jónssyni

Efni: Samanburður Tímans 7. desember á  
lífskjörum 1/11-58 og 1/11-69.

Tíminn gerir samanburð á ýmsum sérstökum mælikvörðum verðlags og 2. taxta Dagsbrúnar, en forðast almenna mælikvarða verðlags og framfærslukoströðar og sömuleiðis almennan mælikvarða kaupgjalds eða launatekna. Í flestum atriðum eru hinar tilfærðu tölur réttar eða svo nærri lagi, að ekki er vert að elta ólar við. Hins er að geta, að þær vörur, sem valdar eru til viðmiðunar, voru ýmist mikið niðurgreiddar eða innfluttar og áttu þá fyrir sér verulega hækkan árið 1960 og svo aftur nú nýverið. Þessi athugunarmáti Tímans tekur hins vegar ekkert tillit til þess, að frá og með 1960 var tiltölulega minni áherzla lögð á niðurgreiðslur en stóraukin áherzla á fjölskyldubætur og léttingu beinna skatta.

Áður hafa verið birtar skýrslur, er sýna, að árið 1958 var ekki sérstaklega hagstætt launþegum. Má þar sérstaklega bendað grein í 13. hefti Úr þjóðarbúskapnum "Atvinnutekjur alþýðustéttu", einkum linurit á bls. 13 og 15 og töflu á bls. 14. Kemur þar fram, að næstu ár á eftir 1959-1962 voru hagstæðari, nema tölur ársins 1961 fyrir Reykjavík. En frá 1962 var rakin aukning til 1966, áður en áföllin dundu yfir.

Í skýrslu okkar til OECD eru þessar stærðir teknar upp miðað við árið 1961 (sjá töflu á bls. 22). Kemur í ljós, að þrátt fyrir tekjuskerðingu síðustu ára, var kaupmáttur kauptaxta 27.7% hærri nú 1. sept. en 1961 (ársmeðaltal), kaupmáttur launatekna verkað, sjóð og iðnaðarmanna 34% hærri, en kaupmáttur allra launatekna 37% hærri samkvæmt áætlun um 1969, heldur en var 1961.

Er hér miðað við verðvísitölu einkaneyzlunnar í heild til ársins 1966 (svo langt sem sundurliðaðar skýrslur ná), en hún hefur mun almennara gildi en vísitala framfærslukostnaðar og leiðréttir þær veilur, er í henni voru. Hér með fylgir tafla, er sýnir þróun höfuðstærðanna frá 1960 miðað við mismunandi verðlagsmælikvarða.

Þá er og athyglisvert, hve lítil rýrnun kaupmáttar launataxta er í samanburði við það, sem um hefur verið talað (sjá töflu á bls. 21). Heildarrýrnunin frá sept. 1967 til febrúar 1970 (áætlað) er 10.3% hjá verkafólk og iðnaðarmönnum, en 12.8% á heildina litið. En því er ekki að neita, að raunveruleg tekjulækkun að meðtöldum vinnutíma og hlutatekjunum, er mun meiri frá 1966 til 1969, einkum þar sem sjómenn og verka- og iðnaðarmenn eiga í hlut, áætluð 25%, en 18.3% á heildina litið (sbr. bls. 22). En að sjálfssögðu stefnir aukning atvinnu að því að jafna þann mun á ný.

Þá er eftir að leiða þennan samanburð aftur til ársins 1958, eða til 1. nóv. það ár, eftir því sem við verður komið. Fer hér á eftir yfirlit helztu mælikvarðanna, tengt þeim vísitöllum frá 1960, sem þegar er á minnzt.

	1. nóv.					
	1958	1958	1960	1968	1969	1969
I. Vísitölur launa og verðlags:						
1. Kauptaxtar verkaf. og iðnaðarmanna	103.3	105.7	100.0	266.4	(303)	321.7
2. Atvinnutekjur verka-, sjó- og iðn.m. (kvæntra)	87.8	...	100.0	301.9	(334)	.
3. Vísitala framf.kostn.	96.8	105.4	100.0	218.4	(266)	(277)
4. - neyzlувöruverðl.	90.6	99.6	100.0	239.6	...	(312)
5. Verðvísitala einkan. <sup>1)</sup>	...	...	100.0	(206.5)	(251)	(262)
II. Vísitölur kaupmáttar <sup>1)</sup>						
1. Kauptaxtar verkaf. og iðnaðarmanna	114.1	106.1	100.0	128.1	(120)	(123)
2. Atvinnutekjur verka-, sjó- og iðnaðarmanna	96.9	...	100.0	145.1	(133)	.
3. Ráðstöfunartekjur verka-, sjó- og iðnm.	91.9	...	100.0	137.4	(125)	.

Aths.: Tölur ársins 1969 eru áætlaðar eða fremur gróft reiknaðar, nema að því er varðar framkomna vísitölu framfærslukostn.

1) Vísitölur kaupmáttar miðast hér við vísitölu verðs einkaneyzlunnar almennt 1960-1966. Milli 1958 og 1960 er þó stuðzt við vísitölu neyzlувöruverðl., sem þá var gjarnan vítnað til, en eftir 1966 við vísitölu framfærslukostnaðar.

Það er í alla staði örðugt að gera samanburð við árið 1958 og yfirleitt síðustu árin fyrir 1960. Þá ríkti ör verðbólga og á ýmsum tímum "falskur" kaupmáttur, sem reynt var að leiðréttu. Þá fóru í hönd miklar kerfisbreytingar, sem mælast með ýmsum hætti, en vísitölu-grunnur þess tíma vanmat gengisbreytinguna ljóslega.

Með þessa fyrirvara í huga má staðhæfa, að kaupmáttur kauptaxtanna muni hafa aukizt frá 1. nóvember 1958 um 13% til meðaltals 1969, en um 16% til 1. nóvember 1969. Aukningu kaupmáttar atvinnuteknanna má meta 37% frá 1958 til 1969, en ráðstöfunartekna sennilega um 36% yfir sama tímabil.



WESTERN KENTUCKY UNIVERSITY

BOWLING GREEN, KENTUCKY

28. júlí 1969

Department of Sociology

Til

menntamálaráðherra, Dr. Gylfa P. Gislasonar

Fra

Dr. Braga Jósepssyni

Efni

undirbúningur að opnun nýrra námsleiða innan Háskóla Íslands og við aðra framhalds- og starfsgreinaskóla (yrkisskóla).

tillögur, samkvæmt 5. gr. frumvarps til Laga um menntaskóla, um sérstaka starfstilhögum við ventanlegan menntaskóla við Frikkirkjuveg í Reykjavík.

Herra menntamálaráðherra.

Undanfarin ár hef ég unnið allmikið að rannsóknum á íslenzkum skólamálum og mun yður vera kunnugt um það að einhverju leyti. Einnig hef ég gagnrýnt opinberlega, og eftir því sem ég hefi séð ástæðu til, það sem kalla mætti stefnu yðar í skólamálum. Sem íslenzkur þegn, og samkvæmt meginhugsjónum um lýðræði og almenn mannréttindi mun ég halda áfram þessari gagnrýni á opinberum vettvangi, þar sem menntamálaráðuneytið hefur ekki hirt um að svara bréfum eða öðrum erindum, sem ég hefi sent.

Í bréfi þessu langar mig til að vekja athygli yðar á tillögum varðandi aðlögun einstakra þátta skólakerfisins að breyttum bjóðfélagsaðstæðum. Skipulagslega séð má segja að námsbrautin í íslenzkum skólum, allt frá upphafi barnafræðslunnar til stúdentsprófs, sé hnitið og veiti hér tilgagan undirbúning til náms við Háskóla Íslands.

Hið þrónga svið námsefnis í íslenzkum skólum verður hér ekki gert að umtalsefni. Þó er vert að gera sér grein fyrir þeim andstæðum, sem frá koma við samanburð á kennslu, þar sem svið námsefnis er tiltölulega þróngt og þar sem það er tiltölulega vítt. Samkvæmt þeim athugunum, sem ég hefi gert á þessu efni mun svið námsefnis í íslenzkum miðskólum

og menntaskólum vera mun þrengra en í samsvarandi skólum hinna Norðurlandanna og í Vestur Evrópu og Norður Ameríku. Þar sem ekki verður bent á neinn algeran mælikvarða um svið námsefnis er eðlilegt að námsefni og kennsluhættir próist með nokkuð ólíkum hætti hjá hinum ýmsu þjóðum. Með vikkun sviðs námsefnis dregur jafnan úr þaullærðómi. Enda þótt flestir nunu sammála um, að ákveðin meginatriði þurfa að larast í þaula þá er vert að gera sér grein fyrir því, að þróngt svið námsefnis gefur ekki, eitt saman, tilefni til góðs árangurs. Góður árangur hlýtur ávallt að byggjast fyrst og fremst á góðum kennurum.

Með tilliti til hins þrónga sviðs námsefnis í miðskólum og menntaskólum hér á landi virðist mér námsbrautin vera hnitríðuð fyrir þann hóp, sem endanlega lýkur stúdentsprófi. Svo er þó ekki fyrir þann stóra hóp nemenda, sem fer inn á aðrar námsbrautir. Rúmlega 4/5 hlutar íslenzkra nemenda stunda gagnfreðanámi sem hvorki miðast við þarfir einstaklingsins, þarfir þjóðfélagsins né kröfur annara framhalds- og starfsgreinaskóla. Nám þessa stóra hóps byggist á alröngrum forsendum, sem er takmörkun þeirra, en ætti fremur að vera hæfileiki þeirra og aðstaða til að nema og þroskast á eðlilegan hátt. Hin óraunseja menntu, sem þessir nemendur hafa hlutið hefur haft lamandi áhrif á skipulag og starfsaðstöðu annara framhalds- og starfsgreinaskóla, og hafa þessir skólar því orðið að taka upp almennt endurhæfingaprogram í ýmsum greinum, svo sem íslenzku, stærðfræði, erlendum málum og náttúrufræðum.

Eins og ýmsir aðrir hafa bent á tel ég nauðsynlegt að opna nýjar námsleiðir. En um leið tel ég að okkur beri, að sjá til þess, að kröfur til finngöngu í Háskóla Íslands verði ekki svo útvatnaðar, að sunt af því bezta, sem þessi stofnun hefur varðveitt, hverfi með öllu, og á ég hér við virðingu fyrir akademískum lærðómi og fræðimennsku. Enda þótt slikt geti, í höndum skannsýnna forumanna, orðið menntastofnunum fjötur um fót, þá trúi ég því að Háskóli Íslands eigi eftir að risa til mikils vegs á næstu árum.

Hin öra þróun, sem nú hefur átt sér stað, hvað við víkur námsefni og æðri menntun almennt hefur það í för með sér, að ógjörningur er að

ákvarða eina "standard" undirbúningsmenntun til innögöngu í háskóla eða aðra framhalds- og starfsgreinaskóla. Mér virðist, að hið nýja frumvarp til laga um menntaskóla miði nokkuð í pessa átt, enda þótt þar séu ýmsir hortittir, sem benda til þess, að margir nenn með ólíkar skoðanir hafi þar verið að verki. Nægir hér að nefna eitt dæmi. Í 9. grein frumvarpsins segir svo í lið 6.: "Nánsefni skólanna skal vera þribett: kjarni, kjörsvið og frjálsar valgreinar." Í greinargerð er þessi briskipting síðan skilgreind, og er sú skilgreining mjög í samræmi við það, sem þekkist hjá öðrum þjóðum, sem tekið hafa upp svipaða tilhögum. Kjarninn leggur grundvöll alnennrar menntunar, kjörsvið miðar að sérhæfingu, en frjálsar valgreinar miða að því að víkka þekkingarsvið nemandans. Um frjálsar valgreinar segir þó á þessa leið í nefndri greinargerð: "En jafnframt er gert ráð fyrir því, að valfrelsi taki ekki síður tillit til viðbótarnáms í kjarnagreinum og í kjörsviðsgreinum, þeði á kjörsviði nemandans og á öðrum kjörsviðum. Einkum virðist nikilvægt að nemendur eigi kost á viðbótarnámi á kjörsviði sínu." Hér er augsýnilega um að ræða höfuðmisskilning á tilgangi mjög snjalls forms, og er erfitt að skilja hvernig þessi meinloka hefur komið inn í greinargerðina.

Eins og áður er nefnt verður stöðugt erfiðara fyrir menntaskólana að fullnægja undirbúningsmenntakröfum hinna ýmsu deilda háskólans, með einu tiltölulega samræmdu lokaprófi. Próun háskólans og áætlanagerð mun í vaxandi mæli greina þörf aukinnar sérhæfingar. Háskóladeildirnar verða því sjálfar að setja þau inntökuskilyrði, er teljast hæfileg á hverjum tíma. Sama má einnig segja um aðra framhalds- og starfsgreina-skóla.

Sjálfur er ég fylgjandi akademiskum menntaskólum með þróngt svið námsefnis og virðist mér menntaskólinn í Reykjavík vera gott dæmi um slika stofnun. Nýjungar, sem tekmar hafa verið upp í öðrum menntaskólum eru margar hverjar athyglisverðar, og sumar hafa að vissu leyti réttlætt ýmsar breytingar svo sem áðurnefnt menntaskólafrumvarp ber með sér. Tillögur mínar, sem miða að því að opna nýjar námsleiðir taka því einnig tillit til þess vandanáls, er varðar stöðu og frantið

þess háskóla, sem við þekkjam í dag. Fjölgun stúdenta í sjálfu sér, getur aldrei orðið raunhæft lokatalmark. Fjölgun vel menntaðra manna og kvenna í landinu verður að miðast við þjóðfélagslegar aðstæður á hverjum tíma. Eins og nú er hártað hlýtur langstærsti hluti íslenzkra nemenda menntun, sem er óhnitmiðuð, óraunsæ og illa skipulögð. Hún er óhnitmiðuð að því leyti, að námsefnið og kennsla miðast við kröfur til menntaskólanáms. Hún er óraunsæ vegna þess að nemandinn er skoðaður, sem hópvera, og hún er illa skipulögð vegna þess að framhalds- og starfsgreinaskólar verða jafnan að endurhæfa stóran hluta þeirra sem innritast, og með því riðla stöðu lokaprófs úr einstökum ársdeildum og mati á námsárangri almennt. Opnun nýrra námsleiða utan háskóla getur því einungis orðið raunhæf, að vel sé búið að þeirri menntun, sem þessir nemendur hljóta á gagnfræðastigi.

Það er skoðun míin að skipting gagnfræðamenntunar í bólnámsdeild, verknámsdeild o.s.frv. stuðli gegn bettri og hnittmiðaðri menntun á þessu veigamikla tímabili í lífi unglingsins. Á sama hátt tel ég, að deilda-skipting menntaskólanna standi mjög í veki fyrir bættum námsháttum og sömuleiðis hindri eðlilega aðlögun að breytilegum námskröfum einstakra deilda háskólans. Þá gefur deildaskipun gagnfræða- og menntaskóla ekki tilefni til raunhæfs endurhæfinganáms fyrir þá, sem hafa hug á að auka menntun sína síðar. Námsflokkakerfi það, sem við þekkjam í dag er algerlega slitið úr tengslum við menntakerfi bjóðarinnar. Hér er um að ræða málezni, sem verður stöðugt mikilvægara eftir því sem tekni og visindum fleygir fram, og eftir því sem þekking eykst og þekkingarkröfur aukast.

Í 5. grein frumvarps til laga um menntaskóla segir: "Setja ná á stofn í tilraunaskyni menntaskóla, er séu óháðir tilteknun ákvæðum þessara laga, enda fullnægi þeir þeim skilyrðum, sem lögin setja um stúdentspróf og rétt til inngöngu í háskóla." Hugnyndir mínar í þá átt að opna nýjar námsleiðir byggjast fyrst og fremst á skipulagslegum atríðum, er varða kennslu í miðskólum og menntaskólum. Ég er ekki þeirrar skoðunar, að nýjar námsgreinar í miðskólum og menntaskólum verði til þess að leysa mest aðkallandi vandamál þessara skóla. Nýjar námsgreinar verða einungis

teknar upp þegar tekið er fullt tillit til kennaraliðs, húsnæðis, ákveðinna lágnarksskilyrða og einstakra skipulagslegra atriða, svo nokkuð sé nefnt. Þeir teljí ekki hyggilegt að víkka svið nánsefnisins fyrr en tekist hefur að skapa jafnvægi á milli miðskólanáms og menntaskólanáms annars vegar og háskólanáms eða annars framhalds- og starfsgreinanáms hinsvegar.

Samkvæmt 5. grein áðurnefnd frumvarps legg ég því til að hinn nýi menntaskóli við Fríkirkjuveg verði starfræktur samkvæmt sérstakri reglugerð með það fyrir augum, að skapa betri aðstöðu til opnunar nýrra námsleiða innan Háskóla Íslands og við aðra framhalds- og starfsgreinaskóla, og til þess að leggja grundvöll að endurskipulagningu á endurhæfingarnámi, sem við þekkjum nú í formi sundurlausra námsflokkja og ósamræmdra málaskóla. Skal ég þá víkja í höfuðatriðum að því er varðar tillögur minar um starfshætti við hinn nýja menntaskóla.

#### DRÖG AÐ TILLOGUM UM STARFSHÆTTI VIÐ FYRIRHUGADAN MENNTASKÓLA VIÐ FRÍKIRKJUVEG Í REYKJAVÍK

1. Námsefni menntaskólanna, eins og það er í dag, skal lagt til grundvallar við samningu kennsluskrár.
2. Námsefni gréinist í námseininger. Gildi námseininga skal miðast við ákveðinn kennslustundafjölda, ákveðið námsefni og ákveðna einkunn.
3. Námsgrein sé skilgreind ítarlega og sömuleiðis fjöldi námseininga viðkomandi námsgreinar.
4. Venjulegur námstími er fjögur ár, eða átta námstímabil (misseri). Námi í einstökum námsgreinum lýkur með prófi síðasta dag hvers misseris, og fær nemandinn einkunn, sem gefur til kynna hvort hann hefur náð viðhlítandi árangri eða ekki.
5. Nemandi, sem ekki hefur náð viðhlítandi einkunn í ákveðinni námsgrein má endurtaka sama nám síðar.
6. Val nemenda á námsgreinum miðast við inntökuskilyrði þeirra háskóla deilda eða framhalds- og starfsgreinaskóla, er þeir hyggjast stefna að.

7. Ef nemandi nær ekki viðhlítandi árangri í þeim námsgreinum, sem krafist er til innritunar í ákveöna háskóladeild eða starfsgreinaskóla ber honum, í samráði við viðkomandi kennara og leiðbeinanda að laga framhald námsbrautarinnar í samræmi við aðstæður.
  8. Að loknu hverju námsmisseri fær nemandinn eintak af einkunnum og fjölda námseininga í einstökum námsgreinum.
  9. Inntökuskilyrði í einstakar deildir háskólans og aðra franhalds- og starfsgreinaskóla séu endurskoðuð á tveggja ára fresti.
  10. Nemandi lýkur stúdentsprófi er hann hefur hlotið viðhlítandi einkunnir í tilteknum fjölda námseininga, í samræmi við inntökuskilyrði ákveöinnar deildar(eða deilda)við Háskóla Íslands.
  11. Nemandinn lýkur inntökuprófum í aðra skóla sankvant þeim inntökuskilyrðum, er þeir setja, hver skóli fyrir sig.
  12. Nýjar námsgreinar séu teknar upp eftir því sem aðstæður leyfa.
  13. Skólinn getur staðið fyrir endurhæfingarnáni í einstökum námsgreinum og getur sú kennsla farið fram í húsnæði skólans eða í öðru húsnæði eftir ástæðum.
  14. Þat óg gildi endurhæfingarnáns sé hið sama og viðhaft er gagnvart reglulegum nemendum skólans.
  15. Nemendur, sem innritast til endurhæfingarnáns greiði skólagjöld.
- 

Ég tel það mjög viðeigandi, að húsnæði hins gamla og virðulega miðbæjarbarnaskóla verði nú nýtt með það fyrir augun að gera menntun þjóðarinnar að nýju og traustara afli í samræmi við breyttar þjóðfélagsaðstæður. Einstök atriði í tillögum mínum hér að framan þarfnað vissulega nánari skýringa, sem ég sé ekki ástæðu til að gefa á þessu stigi nálsins. Ég geri mér fyllilega ljóst að ýmiss frankvæmdaratriði verða einungis leyst með náinni samvinnu milli rektors hins nýja skóla og nemtanálaráðuneytisins. Einnig yrði að ætlast til lengri kennslutíma og vinnudags af kennurum, þar sem próftími styttist verulega og upplestrararfri leggjast algerlega niður. Endurskipulagning þessa starfs og ýmsir byrjunarörðugleikar krefðust

einnig nargskonar aukapjónustu í þágu skólans og nemendanna, sem ég veit að kennrarar mundu fúslega veita. Af þessum sökum tel ég nauðsynlegt að rektor fái sjálfur að velja það starfslið, sem hann treystir, enda getur hann þá sjálfum sér um kennt ef illa tekst til um ráðningu einstakra kennara.

Ég tel einnig að skólinn eigi að standa fyrir kennslu yfir sumarmánuðina eftir því sem aðsókn, kennaralið og húsnæði gefa tilefni til. Sumarkennslan ætti að leggja sérstaka áherzlu á endurhæfingarnám, og nætti ef aðstæður leyfa einnig kenna námsgreinar, sem ekki eru kenndar á venjulegum starfstíma skólans. Nemendur sem innritast í sumarskólann greiði skólagjöld.

Pessar tillögur, sem ég hefi gert hér að framan hef ég lagað að ýmsu eftir aðstæðum, sem ég tel að ööru leyti óheppilegar. Ég er t.d. þeirrar skoðunar, að mjög auðvelt sé að lækka stúdentaaldurinn um eitt ár miðað við venjulegan námshraða. Í samræmi við hugnyndir mínar um einstaklingsbundna þróun nemendans teldi ég því ákjósanlegast að menntaskólinn yrði 6 ára saískóli, þannig að nemandinn innritaðist í 1. bekk samskólans að loknu barnaprófi og lyki síðan inntökuprófum í einstaka starfsgreinaskóla samkvæmt inntökuskilyrðum viðkomandi skóla, eða lyki stúdentsprófi, sem þá yrði einu ári fyrr en nú er miðað við venjulegan námshraða. Hér er um að ræða atriði, sem ég tel að stefna beri að, enda þótt ég telji of marga annmarka á því að gera slika breytingu begar í stað. Tillögur mínar um starfshætti hins nýja menntaskóla miða því verulega að því, að raska sem minnst eðlilegum starfsaðferðum og virtum matsaðferðum á gagnfræðastigi og menntaskólastigi.

Ég hefi rætt ofangreindar tillögur allitarlega við forsatísráðherra, Dr. Bjarna Benediktsson, Jónas Haralz framkvæmdastjóra Efnahagsstofnunarinnar, Helga Eliasson fræðslumálastjóra og Jónas B. Jónsson fræðslustjóra Reykjavíkur. Hafa þessir nenn allir látið í ljós áhuga á ofangreindum tillögum. Ég hefi einnig rætt þetta mál við Andra Ísaksson starfsmann í menntanálaráðuneytinu og hefur hann lofazt til að veita mér aðstoð og upplýsingar varðandi einstök formsatriði, sem ef til vill gæfu tilefni til ákveðinna breytinga og nánari aðlögunar.

Ef þér teljið að tillögur minar séu verðar frekari athugunar mun ég fúslega gera þessu máli frekari skil. Einnig mundi ég ekki telja eftir mér að koma heim til viðræðu við yður um þessi mál ef þér óskuðuð og telduð það bess vert.

Ég hefi í dag skrifað Andra Ísakssyni og óskað eftir ákvæðum upplýsingum er varða nánari útfærzlu á tillögum mínum um starfstilhögun og starfs-hætti vantanlegs menntaskóla við Fríkirkjuveg í Reykjavík.

Ljósrit af bréfi þessu hafa verið send eftirtoldum aðilum:

✓ Dr. Bjarni Benediktsson  
 Jónas Haralz  
 Helgi Eliasson  
 Jónas B. Jónsson  
 Andri Ísaksson  
 Knútur Hallsson  
 Guðmundur Arnlaugsson  
 Jóhann S. Hannesson  
 Benedikt Sigvaldason  
 Steindór Steindórsson

Virðingarfyllst,

*Bragi Þóreysson*  
 Bragi Jósepsson

KLEPPSSPÍTALINN

Reykjavík

Talsimi 381 60 — Postbox 1429

Reykjavík, 12.12.'69.

Mér hefur borizt til umsagnar frá forsætisráðuneytinu  
bréf Steinars Guðmundssonar, dags. 26.11.'69.

Í bréfi þessu kemur fram ótrúlegur ókunnugleiki,  
eins og oft vill verða hjá velviljuðum leikmönnum,  
á því sem gert er og gera á vegna drykkusjúklinga.  
Aðalerindi bréfsins virðist vera að kanna þörf á  
"afvötnunaraðstöðu" vegna drukkinna manna í atvinnuvegunum, stofnun hjúkrunarstöðvar og endurskipulagningu ofdrykkjuvarna, sem bréfritari telur að ekki muni hafa neinn kostnaðarauka í för með sér.

Hugmyndir bréfritara um "afvötnunaraðstöðu" og hjúkrunarstöð, sem eigi ekki að kosta nema lítið fé og vera rekið af leikmönnum, eru þegar reyndar og hafa ekki gefið svo vel að ástæða sé til að byrja strax aftur á slíkum framkvæmdum. Í lögum um meðferð ölvora manna og drykkusjúkra er hinsvegar gert ráð fyrir að þeir, sem lögreglan þarf að hafa endurtekin afskipti af vegna ölvunar á almannafæri, skulu færðir í sjúkrahús til rannsóknar og meðferðar. Nauðsynlegum sjúkrahúskosti í þessu skyni hefur hinsvegar enn ekki verið komið upp. Er nauðsyn að vinda bráðan bug að því, og verður það eðlilegast gert í tengslum við geðspítala eða geðdeildir, sem hafa á að skipa þeim sérfræðingum, sem til þarf. Eigi að nást viðunandi árangur af rekstri slíkra deilda eru þær mjög starfsfólksfrekar, og þar af leiðandi dýrar í rekstri. Þeim kostnaði væri þó vafalaust vel var- ið, ef takast mætti að lækna eða bæta, þó ekki væri nema hluta þeirra alkóholista, sem þangað kæmu.

Með virðingu,

*Tómas Helgason*

Próf. Tómas Helgason, dr. med.

Til forsætisráðherra,  
Dr. Bjarna Benediktssonar,  
Reykjavík.

Föst mánaðarlaun:

---

	Greidd maí-laun '69.	Launahækjun samkv. alm. samkomulagi	Gr. laun i júní '69 og síðan
P.G.K.	24.647,-	1.200,-	25.847,-
M.Jóh.	20.058,-	1.200,-	21.258,-
G.H.	20.058,-	1.200,-	21.258,-
R.Kj.	19.650,-	1.200,-	20.850,-

1. okt. '69.

Gunnar!

Eg sendi þér hei með til at hengja frum-lugnugði um bret. á vinnulögajöf 1) plægðit en fru. Gylfimars Vilhj. sonum etti óljósi frossárn Egaarts (þorsteinssonar). 2) plægðit en viðböt H.V. sonum at ísk minni. 3) plægðit en umsögn og aths. Berta Fridriksson og e.t.o. fleiri.

Nú vildi eg lífja þig um at at hengja fættu sunnlega, fyrst með þétri líg., og síðan þeim, en líf tiljist reitt at halda til, en allt : (all. komrunum í trúnum), þér um eru a fætta allt : deinglu-  
þínum Bí-Ben.

G. Helgason

11

Drög

að frumvarpi til laga um breyting á  
lögum nr. 80 11. júní 1938,  
um stéttarfélög og vinnudeilur.

Rh. fumh  
26/8/69.

## 1. gr.

## 15. gr. orðist svo:

Þegar stéttarfélag eða félag atvinnurekenda ætlar að hefja vinnustöðvun, þá er hún því aðeins heimil, að ákvörðun um hana hafi verið tekin:

- a. við almenna leynilega atkvæðagreiðslu, sem staðið hefur a.m.k. í 24 klst., enda hafi félagsstjórnin augljýst nægilega hvar og hvenær atkvæðagreiðslan um vinnustöðvunina skyldi fara fram, og að þátt í atkvæðagreiðslunni hafi tekið a.m.k. 3/4 fullgildra félaga.
- b. af samninganefnd eða félagastjórn, sem gefið hefur verið umboð til að taka ákvörðun um vinnustöðvunina með almennri atkvæðagreiðslu, sem farið hefur fram á sama hátt og greint er undir a-lið.

(Atkvæðaseðill til afnota við atkvæðagreiðslu samkvæmt þessari grein, skal þannig úr garði gerður, að rituð er á hann spurning um hvort félagi óski vinnustöðvunar og fyrir neðan spurninguna, orðin: Já og Nei. Félagi greiðir atkvæði með þeim hætti, að hann setur með ritblýi kross fyrir framan Já, ef hann æskir vinnustöðvunar, en kross fyrir framan Nei, ef hann er mótfallinn vinnustöðvun.

Félagsmálaráðuneytið lætur gera atkvæðaseðla til afnota fyrir félögin í þessu skyni.)

## 2. gr.

## 16. gr. orðist svo:

Akvörðun um vinnustöðvun, sem hefja á í þeim tilgangi að knýja fram breytingu eða ákvörðun um kaup og kjör, ber að tilkynna sáttasemjara og þeim, sem hún beinist aðallega gegn, 20 sölunarhringum áður en tilætlunin er að hún hefjist. Tilkynning þessi skal vera bréfleg og skal fylgja henni [greinargerð um] kröfur aðila.

## 3. gr.

I stað: "Atvinnumálaráðherra" í upphafi 20. gr. komi:  
"Félagsmálaráðherra.

4. gr.

27. gr. laganna hljóði svo:

Strax og slitnar upp úr samningaumleitunum aðila eða annar hvor aðila telur vonlaust um árangur af frekari samningaumleitunum þeirra, getur hvor aðili um sig eða þeir sam-eiginlega vísað deilunni til meðferðar sáttasemjara. Eftir að sáttasemjari hefur fengið tilkynningu um þetta, er honum skylt að kveðja aðila eða umboðsmenn þeirra til fundar, svo skjótt sem kostur er, og halda síðan áfram sáttauumleitunum, meðan von er til þess, að þær beri árangur. Sáttasemjara er skylt að taka vinnudeilu til meðferðar í síðasta lagi 10 sólarhringum áður en vinnustöðvun er ætlað að koma til framkvæmda, enda þótt aðilar hafi þá eigi vísað deilunni til hans.

Aðilum er skylt að mæta eða láta mæta, þegar sáttasemjari kveður þá til funda.

Sáttasemjari getur frestað því um allt að 4 sólarhringar, að vinnustöðvun hefjist, ef hann hefur í hyggju að bera fram miðlunartillögu eða aðrar sérstakar ástæður eru fyrir hendi að hans dómi. Eigi er sáttasemjara heimilt að fresta vinnustöðvun nema einu sinni í hverri deilu. Honum er [eigi heldur heimilt að fresta vinnustöðvun, sem þegar er skollin á] alt at hikun.

5. gr.

Aftan við 29. gr. laganna bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Heimilt er sáttasemjara að krefja Efnahagsstofnunina, Hagstofu Íslands og aðrar opinberar stofnanir skýrslna um atvinnuhorfur, kaupmátt launa, vísitöluútreikninga, launasamanburð, skattareglur, afkomuhorfur einstakra atvinnugreina og önnur hliðstæð atriði, sem hann telur máli skipta til lausnar á vinnudeilu.

6. gr.

3. mgr. 32. gr. laganna hljóði svo:

Miðlunartillaga telst felld, þegar báðum eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

1. Minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni:
2. Minnst 20% atkvæðisbærra manna greiða atkvæði á móti henni.

Að öðrum kosti telst miðlunartillaga samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

7. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1970.

- - " - -

Um 1. gr.

Felldur er niður c-liður 15. gr., sem heimilar trúnaðarráði að ákveða vinnustöðvun, ef lög viðkomandi félags fela því slíkt vald, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt með a.m.k. 3/4 hlutum greiddra atkvæða á lögmætum trúnaðarráðsfundi.

Samkvæmt uppkastinu er vinnustöðvun ekki heimil nema að undangenginni almennri leynilegri atkvæðagreiðslu, þar sem 3/4 fullgildra félaga hafa tekið þátt í, enda hafi vinnustöðvunin verið samþykkt við atkvæðagreiðsluna.

Ákvæði uppkastsins um atkvæðaseðil eru sett til athugunar.

Um 2. gr.

Frestur til vinnustöðvunar er lengdur úr 7 sólarhringum í 20 sólarhringa, sbr. frv. J.P.

Auk þess er nýmæli þess efnis, að tilkynning til sáttasemjara og gagnaðila skuli vera bréfleg og, að greinargerð um kröfur skuli fylgja tilkynningu.

Um 3. gr.

Þarfnað ekki skýringa.

Um 4. gr.

Samhljóða 2. gr. í frv. J.P. Geta má þess, að í Danmörku er frestunarheimild sáttasemjara rýmri, eða í 2 vikur. Í frv. J.P. er gert ráð fyrir 4 dögum.

Um 5. gr.

Samhljóða 3. gr. í frv. J.P.

Um 6. gr.

Samhljóða 4. gr. í frv. J.P.

3. mgr. 32. gr. laganna hljóðar svo:

Miðlunartillaga telst felld, ef minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni, enda hafi minnst 35% atkvæðisbærra manna eða meira greitt atkvæði. Á móti hverjum einum af hundraði, sem tala greiddra atkvæða lækkar niður fyrir 35%, þarf mótatkvæðafjöldinn að hækka um einn af hundraði til að fella tillöguna. Ef ekki hafa a.m.k. 20% atkvæðisbærra manna greitt atkvæði, telst tillagan samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

Til greina virðist koma að halda greininni óbreyttri að öðru leyti en því, að í stað 35% komi t.d. 50%.

Um 7. gr.

Eins og 5. gr. í frv. J.P.

### Eftirmáli:

Takmörkun á rétti fámennra stéttarfélaga til vinnustöðvunar, sem getur haft í för með sér stöðvun víðtækrar starfrækslu, sem swiftir fjölda manna atvinnu væri vissulega nauðsynleg. Hér er þó augljós vandi á höndum. Hvar á að draga mörkin? Sú ákvörðun er vandasöm, ef ekki óviðræðanleg. Slíkar vinnustöðvanir má einatt leysa með sérstökum lögum, þó að það hafi líka sín vandkvæði í för með sér. E.t.v. kæmi til málal almennt lagaákvæði um gjörðardóm í slíkum tilvikum, en þá kemur til sögunnar vandamálið um mörkin. Skynsamlegast virðist nú samt að leysa þess háttar deilur með gjörðardómi og lögfesta almenna heimild í því skyni.

Takmörkun á rétti til vinnustöðvunar hjá lykilfyrirtækjum er sennilega ekki ráðleg. Slík ákvæði mundu leiða til þess, að kröfuaðili freistaðist til að beita allsherjar-vinnustöðvun oftar en ella, og leiða til meiri hörku í vinnudeilum. Að vísu leiða vinnustöðvanir hjá fáum lykilfyrirtækjum jafnan til gagnráðstafana sem valda nokkuð víðtækum vinnustöðvunum, sbr. Iðjuverkfallið og eftirfarandi verkbann á síðasta vetri, en þessi viðbrögð gagnaðila virðast hljóta að hvetja deiluaðila til þess að beita slíkum vinnustöðvunum með varúð.

2)

## Trúnaðar mál.

H.V. 28.8.1969.

Lagfórum í Ohfundi  
12/26Viðbót við drögað frumvarpi um vinnumálaþöggjöfina frá 13/8 '69.

## 17. gr. orðist svo:

Óheimilt er að hefja vinnustöövuh:

1. Ef ágreiningur er einungis um atriði, sem Félagsdómur á úrskurðarvald um, nema til fullnaagingar úrskurðum dómsins.
2. Ef tilgangur vinnustöövunarinnar er að þvinga stjórnarvöldin til að framkvæma athafnir, sem þeim lögum samkvæmt ekki ber að framkvæma, eða framkvæma ekki athafnir, sem þeim lögum samkvæmt er skylt að framkvæma, enda sé ekki um að ræða athafnir, þar sem stjórnarvöldin eru aðili sem atvinnurekandi. Gildandi lög um opinbera starfsmenn haldast óbreytt þrátt fyrir betta ákvæði.
3. Til styrktar félagi, sem hafið hefur ólögmæta vinnustöövun.
4. Sem aðeins er beint að einstökum fyrirtækjum úr hópi margra fyrirtækja eða starfsfólki þeirra, sem öll eru samtimis aðilar að sömu kjaradeilu, enda hafi þau ekki öðrum fyrirtækjum fremur, sem eiga í kjaradeilunni, gefið tilefni til sérstakrar vinnustöövunar.

Nú vofir yfir vinnustöövun hjá fámennum hópi sérhæfðs eða faglærðs fólks, sem myndi hafa í för með sér viðteka stöövun starfrækslu og swifta þannig fjölda manna atvinnu m.a. vegna mótráðstafana gagnaðila og getur ráðherra þá lagt bann við slíkri vinnustöövun og falið gjörðardómi að gera um ágreiningsefnið. Gjörðadóm þenna skipa þrír menn, einn tilnefndur af hvorum deiluaðila og einn tilnefndur af Hæstarétti og skal hann vera dómsforseti. Gerðadómurinn setur sér starfsreglur. Hann aflar sér af sjálfssdóum nauðsynlegra gagna og er rétt að krefjast skýrslna, munulegra og skriflegra, af einstökum mönnum, embættismönnum og fyrirsvarsmönnum deiluaðilja, sem hlut eiga að máli.

Greinargerð:

Hér er um að ræða viðbót við 17. gr. nágildandi laga. Greinin er óbreytt, 1. - 3. tl.

I 4. tl. greinarinnar er nýmeli um vinnustöövanir hjá svonefndum lykilfyrirtækjum. Ákvæðið þarfast ekki skýringa. Hér er um leikreglu að ræða, sem í augum leikmannna virðist vera fullkomlega heiðarleg.

I 2. mgr. þessarar greinar er ákvæði, sem einnig er nýtt og fjallar um vinnustöðvanir hjá fámennum starfshópum, sem gætu valdið meiriháttar röskun atvinnulífsins. Lagt er til, að þegar svo ber til, geti ráðherra lagt bann við vinnustöðvunum og falið gjörðardómi að úrskurða um ágreininginn. Út af orðunum "sérhafðs eða faglærðs fólks" er rétt að nefna dæmi. Verzlunarfolk, sem ekki hefur sérmenntun, mun varla teljast faglært, en gæti talizt sérhæft. Sama virðist mega segja um flugfreyjur.

Reykjavík, 29. september 1969.

Til athugunar.

Breytingartillögurnar eru efnislega allar til bóta.

Helztu efnislegu ábendingar til viðbótar:

1. Í stað niðurlags a - liðs 15. gr. þar sem segir "og að þátt í atkvæðagreiðslunni hafi tekið a.m.k. 3/4 fullgildra félaga" komi "og að fram komi í atkvæðagreiðslunni a.m.k. 3/4 fullgildra atkvæða á kjörskrá".

Framangreint orðalag er nauðsynlegt vegna samtaka vinnuveitenda, sem hafa atkvæðisrétt eftir innborguðum félagsgjöldum. Félagsgjöldin miðast við kaupgreiðslur hlutaðeigandi vinnuveitenda.

2. Teljum nauðsynlegt, að sáttasemjari geti frestað vinnustöðvunum allt að 4 vikur.

Teljum, að hann ætti einnig að hafa heimild til að fresta vinnustöðvun, sem hafin er, en þá skemmri tíma t.d. tvær vikur. (niðurlag 27. gr.).

3. 3. mgr. 32. gr. laganna hljóði svo: Miðlunartillaga telst felld, þegar eftirtöldum skilyrðum er fullnægt:

- a. Minnst 75% atkvæða á kjörskrá komi fram við atkvæðagreiðslu.
- b. Minnst 50% af greiddum atkvæðum eru á móti henni.
- c. Minnst 37.5% atkvæða á kjörskrá greiði atkvæði á móti henni.

Að öðrum kosti telst miðlunartillaga samþykkt. Þeir, sem vegna fjarveru eða veikinda sannanlega eru útilokaðir frá að neyta atkvæðisréttar síns, teljast ekki atkvæðisbærir í þessu sambandi.

Auk framangreinds þykir rétt að minna á eftirfarandi efnisatriði, sem taka þyrfti í lögini:

1. Þeir, sem eru í verkfalli mega ekki vinna launuð störf meðan félag þeirra er í verkfalli. 19
  2. Allar kröfur fylgi uppsögn. Oheimilt að gera frekari kröfur á síðara stigi. Fylgi kröfur ekki sé uppsögn ógild.
  3. Bannað verði, að þeir menn, sem vinna að gæzlu framleiðslutækja og verðmæta, sem eru sköpuð áður en verfall hófst svo sem vélgæzlumenn í frystihúsum leggi niður vinnu.
  4. Ógildir verði samningar um niðurfall bótaskyldu vegna ólögmætra aðgerða, sem framdar hafa verið meðan vinnustöðvun stóð. 12
-



OSLO 1. des. 1969.

*Gáði vínur,*

þakka þjer fyrir brjef bitt, dags. 25. f.m., sem mjer var að berast. Jeg hefi nú gert ráðstafanir til að láta senda ráðherrum og ráðuneytisstjórum svo og þeim sem nefndir verða í formála stjórnarráðssöguna. Auk þess læt jeg senda ritið nokkrum aðilum 80rum, sem jeg tel mig standa í þakkarskuld við, og nokkrum 80rum af þeim eintökum, sem höfundar jafnan fá til eigin ráðstöfunar. Að 80ru leyti læt jeg stjórn Sögufjelagsins ráða dreifingu.

Þú minnist á handritið að minningum föður míns. Jeg held, að mjer lætti bezt ef þú vildir gera svo vel að senda mjer það hingað. Utanríkisráðuneytið mundi taka það í stjórnarpóst.

Með beztu kveðjum til ykkar hjónanna beggja frá Ólöfu og mjer.

*þínus vínur  
Bjarnar*

# FÉLAG ÍSLENZKRA STÓRKAUPMANNA

ASSOCIATION OF ICELANDIC WHOLESALE MERCHANTS



REYKJAVÍK. 15/11/69.

Hr. forsetisráðherra,  
dr. Bjarni Benediktsson,  
Forsætisráðuneytinu,  
Arnarhvoli,  
Reykjavík.

Hjálagt sendist yður skv. viðtali yðar og  
Björgvins Schram, formanns Félags íslenzkra stórkaup-  
manna, eitt ljósmyndað eintak af skýrslu um verð-  
lagsmál o.fl. í Svíþjóð, sem samin var af nefnd  
er sænski jafnaðarmannaflokkurinn og Landsorgan-  
isasjonen sænska (L.O.) skipuðu sameiginlega.  
Skýrslan kom út í febrúar 1968.

Einnig sendum vér þýðingu Árna Gunnarssonar  
skjalabýðanda á síðum 9 og 10, er fjalla um verð-  
lagseftirlit.

Virðingarfyllst,

*Július S. Ólafsson.*  
Július S. Ólafsson,  
-framkv. stj.-

Encl.:

VER - 2

JSÖ/kd.



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Malmö. S:t Petri Kyrka.

The church of St. Peter.

Die Peterskirche.

Malmö 7/9 1969

Komdu sall Bjarni!

Atrinnuleyni er æsilegasti  
kolvaldum ahmenningz.  
og það hefur þín stórm  
leitt yfir Eistlandi.

Slik ríkisstjórn. otti að  
segja af sei, óður en of  
sem t er að snúa við af  
helbrautinni. Mac ~~lesshu~~  
Kvedjum. Kristjan Småland.

5/16

Photo: Giovanni Trimboli

Norrbackegatan 14  
916-21 MALMÖ

Copyright  
grako



Heitradl Försatirráðuneyti  
og form. Atrinnumala nefta.

Bjarni Benediktsson

% Försatirráðuneyti

Reykjavík

Iceland



Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kærn Sigridur og Bjarni,  
her er Brekkhesto, **AIR MAIL**  
far sem við hójum hafi  
alveg dásamlegt sunnar  
sól og hita - blæsta  
sumarlið í mórg ár.  
spor hefur verið gott af  
væra heima. Nið er ég  
med öll þínu börnum  
há 93 ára frænku minni  
í Austurdal í viku-  
er gott og fríðsamurt.  
skógi væxlin fjöll og fallleit,  
en nú er rígrimein og  
blautt að ganda. Thanka  
min er alveg braust og  
vinnur í húsimu og gardibnum.  
Ég blakka til að síð ykkur  
aftur í byrjun sept., en ég er  
guim af gleyma íslenskunni.  
Hittumst heil í haust! Nany.

Einsrett: WIDERØES LYVETSKASÍA  
Tilhørt offentliggjort av Postverksinsíðan



Forsætisráðherrin

Bjarni Benediktsson  
og frín  
Háahlid 14

Reykjavík

Iceland

Reykjavík, 12. des. 1969.

Hr. Bjarni Benediktsson,  
forsætisráðherra.

Sem áhugamaður um skipulagsmál, tengdum hæfilegri reisen  
þjóðfélagsins, langar mig til að lýsa yfir sérstakri ánægju  
með áætlanir um að fara að reisa nýtt stjórnarráðshús á  
næsta ári. Ef tækist að ljúka því, ásamt þjóðarbókhlöðu,  
árið 1974, þá fengjum við tvö mikilvægustu þjóðhýsin í  
afmælisgjöf.

Gott er að menn eru horfnir frá þeirri hugmynd að reisa  
eitt "Stjórnarráð", það er ekki frekar hægt, en ætla Háskólanum  
að rúmast í einu húsi. Aftur á móti eru ágætir stækkunar-  
möguleikar á bak við gamla stjórnarráðshúsið við Lækjartorg,  
og þegar það hús er fullnýtt má byggja á 16ðunum upp að Þing-  
holtsstræti, eins og stundum hefur borið á góma. Geta stjórnar-  
völdin keypt upp lóðir þar á næstu árum og áratugum.

Með þessum ráðstöfunum verður tryggt, að gamla kvosin  
verður áfram stjórnarfarslegur miðbær. Er það einkar skemmtilegt,  
meðal annars frá sögulegu sjónarmiði. En í því sambandi verður  
að telja æskilegt, að gamla stjórnarráðshúsið verði áfram notað  
á einhvern hátt. Virðuleiki ellinnar bætir þar upp lágreist  
húsakynni.

Virðingarfyllst,

*Valdimar Kristinsson*  
Valdimar Kristinsson

Hallðor

1. 'P'A.

2. S.B. vildu piggja þóð um  
lejð og sáð komni ~~það~~ kefur  
odðsins ebbi bortist

2.

Eskunn er að fegar nái  
formi að sjá fersum orðeyju-  
lega ~~það~~ fia ~~það~~ meyja  
tönnar vera með

1. H. Þóra Guðrún Ólafsson  
R. Þórhúsins Rundunum

Kæri forsetisráðherra,

Ég sendi til athuguðar handrit að fyrirhugaðri ræðu á nýjársdag. Vera má að ég eigi enn eftir að stytta hana lítils háttar, tel hana í það lengsta, en það mun ekki breyta henni neitt teljandi.

Ef til vill getum við talazt við í síma einhvern tíma í dag. Ég verð sennilega heima lengst dagsins, en handritið mætti senda á forsetaskrifstofuna á morgun.

28. 12. 1969

7.8.



MANITOBA

MINISTER OF CULTURAL AFFAIRS

WINNIPEG 1

302 Legislative Bldg.,  
Winnipeg 1, Manitoba.

9. December, 1969.

Mr. Bjarni Benediktsson,  
forseti Íslenskra Íslands,  
Reykjavík, Ísland.

Háttvæti q hóri viður.

Grettir fóðrarsaður les upp fitt góða q vinsjum lega skýti á  
samsæti, sem mér q hóru minni vor heldis, s.l. viður í  
tlfnum q þú. Það ég sá mér ekki annars fari en að sája  
upp forseta embætti mitt ísl fjarðarhús félagsins. Eg vissi  
mihils finn klyju orð g alla þa vinsendum q göðvöldi, sem finn  
lefur óvalt sýnt fjarðarhúsfélaginu q mér, sem forseta  
fari. Eg hefi eum í þróun minni komi finna hringad vestur  
q þær ámögju-stuðdir í sambandi við þa Leimóðku. Óttar  
tegslir eru eum stark milli gomla landins q Íslendinga  
hér vestra, q það er af mihiðu leytí því að fábba hringad  
heimi menu hafa heldis sambondina med Leimóðknum  
hringad vestur q óvísjafrunalegum móttökum á Íslandi.

Allt fætta þabba ég fer q Íslandi, q mi, þar i vísbot, finn  
áframhaldandi vinsendum q hlykkia, sem endurspeglast í  
þínum mihiðværtu kveðju skýti. —

Ég ósko fer q Leimafjöldini alls góðas á allri komandi  
tím, q eum einu sinni þabba ég áframhaldandi vinskap  
q göðvöldi q trygg. þínum einfðagur.  
Med hórum kveðjanu. Philip M. Petersen.

Reykjavík, 12. mars 1969.

Hr. forsetisráðherra,  
dr. Bjarni Benediktsson.

Þjóðháttíðarnefnd hefur falið okkur undirrituðum að skýra yður frá umræðum í nefndinni um gerð líkans af sögualdarbæ, byggingu gistihúss á Þingvöllum, útgáfu Íslandssögu og starfsáætlun nefndarinnar fyrir næstu ár.

Hinn 7. febrúar 1969 lögðu Hörður Agústsson, skólastjóri og Magnús Pálsson fram á fundi í nefndinni ýmis gögn um gerð líkans af sögualdarbæ, svo sem hluti líkans og teikningar af slíkum bæ, en þeim Herði og Magnúsi hefur verið falið að smiða líkanið eins og yður mun kunnugt. Gerð var grein fyrir kostnaði við fullnaðarsmið líkansins og jafnframt skýrt frá því að ekki væri hægt að gera neina tæmandi kostnaðaráætlun um gerð sögualdarbæjar, fyrr en líkan lægi fyrir, fullsmiðað. Í ljósi þeirra upplýsinga, sem nefndarmönnum voru veittar á þessum fundi, samþykkti nefndin einróma tillögu þess efnis að smiði líkansins sé haldið áfram. Á fundinum kom fram að kostnaður við gerð líkansins verður á annað hundrað þúsund krónur, en endanlegar tölur geta ekki legið fyrir, fyrr en undirbúningsvinna er lengra á veg komin. Er hér um brautryðjendastarf að ræða og margs að gæta, enda er ætlunin að líkanið verði hið vandaðasta, svo að unnt verði að sýna það sem viðast. Fram kom hjá Herði Agústssyni að forseti Íslands hefði litið á verkið og lýst yfir ánægju sinni með það, þótt hann hefði ekki verið sammála teikningunni í einu atriði. Er þessa getið til fróðleiks.

Að þessum fundi var undirrituðum einnig falið að skýra yður frá því, að unnið er áfram að teikningum gistihúss á Þingvöllum á vegum húsameistara ríkisins.

Töluverðar umræður hafa orðið í nefndinni um fyri rhugaða útgáfu Íslandssögu, án þess að þær hafi leitt til endanlegrar niðurstöðu. Undirrituðum var falið, áður en lengra væri haldið í því máli, að kanna hvaða viðhorf þér hefðuð til útgáfu Íslands-sögunnar og gerðar hennar, og hverjum ætti að fela að skrifa hana. Komið hefur fram í nefndinni, að Íslandssagan ætti helzt ekki að vera meira en tveggja binda verk, sem sameinaði það tvennt að geta verið kennslubók og rit við alþýðu hafi.

Að lokum var undirrituðum falið að skýra yður frá því, að nefndin hefur gert sér lauslegt uppkast að vinnuáætlun, sem við sendum yður hér með til athugunar og glöggvunar:

- 1969: Listasamkeppnir (Dómneneftir - verðlaun, hversu há?) - Sögusýning - Bókaútgáfa - Sögustaðamerkingar (ungmenna-félög) - Sýsluhátiðir (sýslunefndir) - Landssamtök (iðnaðarsamtök - landbúnaðarsamtök - alþýðusamtök - sjávarútvegur - verzlunarsamtök - ISÍ og UMFÍ).
- 1970: Þjóðhátiðarhald - listsýningar.
- 1971: Frímerkjaútgáfa - merki o.fl.
- 1972: Erlendir boðsgestir - upplýsingaherferð.

Eins og fyrr segir er hér aðeins um uppkast að ræða, sem þarf að aukast að mun áður en fullkomin vinnuáætlun er fengin, og væru ábendingar þar um kærkomnar.

Virðingarfyllst,  
Matthías Jóhannessen  
form. (sign.)

Indriði G. Þorsteinsson  
ritari (sign.)

Til forsætisráðherra,  
dr. Bjarna Benediktssonar,  
Stjórnarráðinu,  
Reykjavík.

Reykjavík, 12. mars 1969.

Hr. forsetisráðherra,  
dr. Bjarni Benediktsson.

Þjóðhátiðarnefnd 1974 hefur falið okkur undirrituðum að skýra yður frá samþykktum og álitsgerðum nefndarinnar um byggingu yfir þjóðbókasafn í tilefni ellefu hundruð ára afmælis Íslandsbyggðar. Fylgir jafnframt afrit af bréfi landsbókavarðar um sama mál, dagsett 7. febrúar 1969.

A fundi 17. nóvember 1967 skýrði formaður nefndarinnar, Matthias Jóhannessen, ritstjóri, frá því að nefnd frá Félagi íslenzkra fræða hefði óskað eftir því við þjóðhátiðarnefnd, að hún lýsti yfir stuðningi sínum við byggingu bókasafnshúss. Með tilvísun til þessa gerði þjóðhátiðarnefnd þá samþykkt á fundi hinn 26. janúar 1968, að hún væri því fylgjandi að landnámsins yrði minnzt með byggingu bókasafnshúss.

Vorið 1968 höfðu nefndarmenn samband við þingflokkana, og á fundi í nefndinnihinn 16. júlí sama ár, þar sem skýrt var frá þeim viðhorfum, sem komu fram í þingflokkunum til hinna ýmsu mála, sem nefndin hafði fjallað um, kom fram, að svo virtist sem mikill stuðningur væri meðal þingmanna við byggingu þjóðbókasafns.

A fundi 7. febrúar 1969 ítrekaði þjóðhátiðarnefnd svo fyrri afstöðu sína til byggingar þjóðarbókhloðu og lýsti yfir, að hún teldi eðlilegt og sjálfsgagt að hún yrði byggð - og þá vœtanlega helzta gjöfin, sem þjóðin færði sjálfri sér á ellefu hundruð ára afmæli byggðarinnar.

Virðingarfyllst,  
Matthías Jóhannessen  
form. (sign.)

Indriði G. Þorsteinsson  
ritari (sign.)

Til forsetisráðherra,  
dr. Bjarna Benediktssonar,  
Stjórnarráðinu,  
Reykjavík.

# Skoðanakönnun Alþýðuflokksfélags Reykjavíkur

Nóvember 1969

I. Ertu ánægður með stefnu ríkisstjórnarinnar?	Já	Nei	Óákveðinn
Ef ekki, viltu þá:			
1) endurskipulagningu stjórnarinnar.	Já	Nei	Óákveðinn
2) breytta stjórnarstefnu.	Já	Nei	Óákveðinn
3) stjórnarslit.	Já	Nei	Óákveðinn
Sértu fylgjandi stjórnarslitum viltu þá:			
a) að Alþýðuflokkurinn fari í stjórnarandstöðu.	Já	Nei	Óákveðinn
b) að Alþýðuflokkurinn myndi stjórn með Framsóknarfloknum og Alþýðubandalaginu.	Já	Nei	Óákveðinn
II. Eru alþingiskosningar æskilegar strax?	Já	Nei	Óákveðinn
III. Ertu ánægður með forustu Alþýðuflokksins?	Já	Nei	Óákveðinn
IV. Á Ísland að vera áfram í Atlantshafsbandalaginu?	Já	Nei	Óákveðinn
V. Á varnarliðið að hverfa úr landi?	Já	Nei	Óákveðinn
Ef þú ert fylgjandi því, viltu þá:			
a) brottför þess strax	Já	Nei	Óákveðinn
b) brottför í áföngum á næstu árum?	Já	Nei	Óákveðinn
VI. Á að þjóðnýta olíuverzlunina?	Já	Nei	Óákveðinn
VII. Á Ísland að ganga í EFTA, Fríverzlunarbandlag Evrópu?	Já	Nei	Óákveðinn

Aðrar athugasemdir:

---

---

---

---

Setjið × við það, sem við á.

ALPÝÐUFLÖKKSFÉLAG REYKJAVÍKUR.

Reykjavík 4. nóv. 1969.

Stjórn félagsins hefur iðulega rætt það á hvern hátt helzt væri unnt að vekja áhuga félagsmanna á auknu stjórnþálastarfi í féluginu. Félagsmenn eru nú um 1000 talsins en sjaldan koma fleiri en 100 manns á fund.

Stjórnin hefur nú ákveðið að reyna nýja leið til þess að ná sambandi við fleiri félagsmenn og vekja aukinn áhuga þeirra á stjórnþálastarfi. Ákveðið hefur verið að hleypa af stokkunum skoðanakönnun um stjórnþál. Ert þú kæri félagi beðinn að svara meðfylgjandi spurningum. Svörin verða stjórn félagsins og flokknum vísbending um skoðanir félagsmanna í Alþýðuflökksfélaginu á nokkrum hinum mikilvægustu pólitísku málum og þannig getur þú haft aukin bein áhrif á stefnu flokksins. Verði þátttaka í skoðanakönnun þessari góð er til athugunar að efna til félagsfundar um niðurstöður hennar. - Svör óskast fyrir 5. des. - Ekki er nauðsynlegt að undirrita svarbréfin.

Með félagskveðju

f.h.

Stjórnarinnar

Bjarni Þórssen  
formáður.

ICELANDIC DELEGATION  
TO THE  
NORTH ATLANTIC COUNCIL

BRUSSELS, 26-3-69.

Kari viður.

Fallað er í þessum. Mun með mikilli  
áæggi sjánum, að Þjórn fái hýasundarinn  
þemins eftir því sem kann þarf að halda.  
Eg hafði þegar sagt heimum, að skilt var  
vellið um.

Eg tilahlaða til að hitta yblund hýas  
í Washington. Þó munur kennst minn hóur  
ekki með. Þó mun ekki fáskarfi þessi dag.  
Dokk þess erum ein að slígtu um heimilei-  
ðastod, svo hin á ekki andstund að fá.

Hitt er svoq að gerð samþands ein  
undir hinnig fundarinn. Þer van tildeil-  
rás fyrir meimum séstóleum óhverfum  
kanar hreðin.

Frá mi,

Nicla P. Þórhildsson.

1. Kosning formanns	577 atkv.
auðir seðlar	<u>8 "</u>
	569 atkv. =====

Kosningu hlaut Bjarni Benediktsson með 546 atkv. eða 96%

2. Kosning varaformanns	587 atkv.
auðir seðlar	<u>8 "</u>
	579 atkv. =====

Kosningu hlaut Jóhann Hafstein með 504 atkv. eða 87%

3. Kosning miðstjórnar 602 atkv.

Kosningu hlutu:

Magnús Jónsson	557 atkv.	92,5%
Ingólfur Jónsson	536	89%
Birgir Kjaran	524	87%
Sigurður Bjarnas.	438	72,8%
Pétur Ottesen	525	87,2%
Geir Hallgrímsson	531	88,2%
Matthías Matthíss.	450	74,8%

4. Síðan gefi Alþingi út stefnuyfirlýsingu þegar tímabært þykir. Í þeirri stefnuyfirlýsingu komi sjónarmið Íslands skýrt og ótvíráett fram, þ.e. að íslendingar telji sig eiga ótvíræða kröfu á forgangsrétti til fiskistofna landgrunnsins, ekki sízt þegar takmarka verði heildarveiðina þar.

Var þeim Má Elíssyni og Gunnari G. Schram falið að semja uppkast að stefnuyfirlýsingu þessari.

Minnst var á að nauðsynlegt gæti verið að setja í kjölfar slíkrar stefnuyfirlýsingar Alþingis reglugerð um forgangsrétt íslendinga undir ofangreindum kringumstæðum, sem kæmi til framkvæmda, er slíkar takmarkanir á heildarveiðinni yrðu nauðsynlegar að dómi íslenzkra fiskifræðinga. Á það var bent að e.t.v. væri slíkrar reglugerð ekki þörf, ef nægilega skýrt kæmi fram í stefnuyfirlýsingunni, að þessi væri einmitt vilji þings og stjórnar.

Loks var minnst á nauðsyn þess að ákveðin fengizt föst skilgreining á landgrunnum, en það verður eitt af umræðuefnunum á fundi hafsbotsnefndarinnar í ágúst. Voru menn sammála um, að íslenzka sendinefndin þar skyldi vinna að því að fá landgrunnið skilgreint sem stærst, sem hún hefur þegar raunar hafizt handa um.

Reykjavík, 22. júlí 1969.

Gunnar G. Schram

# Ritverk sf.

Fyrirgreiðsla við hvers konar ritstörf  
og kynningarstarfsemi

Vallarbraut 13, Seltjarnarnesi  
Sími 16591 – Simnefni „Ritverk“

Reykjavík 25. mars 1969.

Dr. Bjarni Benediktsson,  
forsætisráðherra,  
Reykjavík.

Fyrir nokkru er hafinn undirbúningur á útgáfu bókar um Pétur Ottesen alþingismann, og verður hún með sama sniði og bók sú, sem út kom á sl. hausti um sr. Friðrik Friðriksson - þ.e. ýmsir vinir og samstarfsmenn Péturs eru fengnir til að skrifa um hann út frá kynnum sínum við hann og störfum með honum.

Ég vil hér með leyfa mér að bera fram þá ósk við big, að þú ritir eina grein bókarinnar - sem formaður Sjálfstæðisflokkssins og vinur og samherji Péturs um langt skeið. Hefi ég hugsað mér, án þess þó að ég vilji á nokkurn hátt setja þér fyrir, hvað efni snertir, að skemmtilegast væri, ef þú vildir fyrst og fremst rita um þann tíma, þegar þið Pétur voruð báðir óbreyttir liðsmenn, ef svo má að orði komast, í þingmannafylkingu flokkssins undir forustu Ólafs Thors.

Leitazt hefir verið við að velja höfunda og svið þeirra svo, að ekki verði árekstrar milli greina eða margir riti um sama efnið. Þannig hefir Magnús Jónsson fjármálaráðherra heitið að rita um störf P. O. á Alþingi í þágu bindindismála, Davið Ólafsson ritar um störf hans á vettvangi Fiskifélagsins og sjávarútvegsmála, Jón á Reynistað minnist hans sem elzti vinur hans, Ásgeir Pétursson sem vinar föður síns og áhrifamanns í héraði, Jón Árnason alþingismaður ræðir um, hve erfitt geti verið að verða eftirmaður skörungs af Péturs tagi, séra Jón M. Guðjónsson ritar um hann sem meðlim kristins safnaðar, Jón H. Bergs segir frá starfi hans innan sölusamtaka bænda, Þorsteinn Sigurðsson innan Búnaðarfélagsins, Jörundur Brynjólfsson minnist þess, er þeir komu á þing saman 1916, Guðmundur á Innra-Hólmi ritar um hann sem gamlan granna um áratuga skeið og svo framvegis.

Ég vona, að þú sjáir þér fært að gera þessa bón mína og komir jafnframt til míni boðum um það, þegar þú hefir tök á. Ég vil geta þess, að ég hefi óskað eftir því við menn, að þeir reyni að hraða afhendingu handrita eftir mætti, en með því að ég veit, að þú ert störfum hlaðinn, verður slikt að velta á hentugleikum þínum. Frá mínu sjónarmiði er hitt aðalatriði, að þú treystir þér til að rita einn kafla bókarinnar.

Með beztu kveðjum

Bjarni Benediktsson

Reykjavík, 20/4. 1969.

Kæri Bjarni!

Það sem þarf að gera nú til að bjarga flokknum og þjóðinni er þetta:

- 1) Koma fram með sáttartillögu, sem báoir aðiljar fella.
- 2) Pingprof og nýjar kostningar.
- 3) Lögfesta sáttartillöguna og banna verkföll og verkbönn um nokkurt árabil.
- 4) Fórna nokkrum ráðherrum, t.d. láta Magnús, Ingólf, Eggert og Emil hætta, og það strax, og jafnvel taka utanþings menn í þeirra stað. Það vantar ný andlit.
- 5) Það verður að friða kaupmannalyðinn, og það verður bezt gert með því, að stjórnin taki verðlagsmálin úr höndum kommunistanna.

Það er mikið talað um þessi mál í bænum í dag, og stjórnin verður að gera eitthvað stórvatn til að endurheimta virðingu fólksins á ný.

Blessaður og smell,  
þinn einl.

H. Sveinsson

STATE TREASURER  
MINNESOTA

Val Björnson      St. PAUL

Lyle V. Harris  
Deputy Treasurer

24. marz '69

Pétur:

Raymond Gíslason hringdi í mig í dag - sonur Árna heitins dómara Björnssonar Dannebrogsmanns, Gíslasonar, og var Björn bóndi á Hauksstöðum í Vopnafirði sámdur af Kristjáni IX, fyrir framúrskarandi afrek sem búmaður, nokkuð áður en hann flutti til Vesturheims, 1879. Björn var fæddur á Breiðaváði í Eiðaþinghá og var í nokkur ár bóndi á Grímsstöðum á Fjöllum áður en hann fluttist að Hauksstöðum.

Svo mörg váru þaug orð. Ray - rafmagnsverkfræðingur, félagi Árna Helgasonar í fjölda mörg ár, og einkavinur hans brátt fyrir aldursmuninn, átti stefnumót við Árna og Paul Sveinbjörn Johnson um hádegið, begar hann Árni dó í sundlauginni í Chicago Athletic Club, begar það skeði. Jæja, ekki að orölengja frekar - Ray segjir mér að nú sé einhver klíka í Chicago að leggja drög til þess að Páll Sveinbjörn verði ekki eftirmaður Árna, brátt fyrir það að hann hefur verið í 15 ár aðstoðarmaður Árna, er með kontor sem lögfræðingur í miðbænum í Chicago, og þekkir hann starfið af ítarlegri reynslu.

Ég geri ráð fyrir því að Kristín, ekkja Árna, sé með undirróður í þessu máli, þar sem að sögur fara um það að vísikonsúllinn fái ekki embættið. Hann vill fá það, og á það skilið. Getur skeð að Valur Egilsson tannlæknir sé að hræra undir í þessu, sjálfum sér til "heiðurs". Ég veit minna um það. En mér finnst, satt að segja, að það yrði háborin skömm fyrir Ísland að gefa Páli Sveinbirni Johnson þannig á kjaftinn.

Stína, ekkja Árna, sem er nokkuð farin að bila - 87 ára þar sem Árni var rúmlega 77 ára þegar hann dó - hefur ýmigust á Páli Sveinbirni út af því að hann skildi við konu sína og giftist aftur, ungri flugfreyju hjá Loftleiðum. Sveinbjörn, faðir vísi-konsúlsins, var dómsmálaráðherra Norður Dakota, meðlimur Hæstaréttar Þar, síðar meir "legal counsel" University of Illinois - í Urbana og lagaprófessor við þá stofnun, prakteserandi lögfræðingur seinna í Chicago - höfundur "Pioneers of Freedom" um fornlyðveldi Íslands, gefið út 1930 á þúsund ára afmæli Alþingis - þegar Sveinbjörn var nefndarmeðlimur frá Bandarísku stjórninni þegar Leifs-stytta var afhent eða loforð um hana. Það væri skemmarlegt, Sveinbjörns vegna - og sonar hans- og samkvæmt venjulegum kurteisisreglum, að demba þessum manni af. Ég bekki lesti og kosti hans...en ég er viss um það að þú gerir ekki það glappaskot að ganga fram hjá Páli Sveinbirni.

Til hamingju með Dr. Hallson, Konsúl í Houston - ég verð ekki við í móttökunni, en þetta er náttúrlega annar þeirra bræðra sem Grettir Jóh. hringdi í mig um eitt skiptið frá Wpg. Það eru nú minnst einar þrjár vikur síðan St. Paul blaðamenn hafa spurt mig hvort ég verði sendiherra á Íslandi; ekki spryr neinn annar - og ekki verður úr því - og aldrei hef ég minnst á þann möguleika sjálfur. Kveðjur til Diddu.-

Valdimar